



**MENNTASKÓLINN
AÐ LAUGARVATNI**

manngildi, þekking, atorka

ÁRSSKÝRSLA 2020





EFNISYFIRLIT

Ávarp skólameistara.....	2
Fjárhagsleg afkoma	3
Nemendur	4
Landshlutaskipting	5
Mæting.....	5
Brotthvarf.....	5
Starfsfólk	6
Móttaka nýliða	6
Kennarar.....	7
Nám og kennsla.....	8
Covid tímalína – ML 2020	11
Ýmis verkefni og áherslur.....	13
Neyðarstjórn	13
Verkefnastjórar	13
Innra og ytra mat	13
Show.....	13
Starfendarannsóknir	14
Framkvæmdir	14
Árið 2020 í hnotskurn	15

ÁVARP SKÓLAMEISTARA

Mennt er máttur og íslenskt samfélag verður sífellt ríkara af vel menntuðu fólki sem lætur til sín taka og setur mark sitt á framþróun og samfélagsbreytingar nútímans. Fjórða iðnbyltingin knýr nú dyra og það er ekki heiglum hent að horfast í augu við hana. Ungu fólknið okkar mun þurfa kjark og þor til að takast á við verkefni framtíðarinnar og það er verðugt verkefni menntakerfisins að undirbúa nemendur fyrir næsta kafla mannkynssögunnar. Menntaskólinn að Laugarvatni hefur staðið vörð um menntun íslenskra framhaldsskólanema frá árinu 1953 og tekst á við nýjar áskoranir af æðruleysi.

Vel hefur tekist til undanfarin ár við ML að halda brotthvarfi nemenda í lágmarki. Til að mynda er sífellt verið að stuðla að betri líðan nemenda og aðstöðu til félagslífs – ráðgert er að rýnihópur um félagsaðstöðu nemenda taki til starfa á næstu mánuðum. Stöðug vinna er í gangi við endurbætur á húsnæði og þar með unnið að góðri líðan nemenda í skólanum. Nýtt kennslurými er í hönnun sem mun styðja við listgreinar og vonir standa til að rýmið komist í fulla notkun skólaárið 2022-2023. Góð aðstaða og næði til náms og faglegir kennarar eru lykillinn að öflugum skóla.

Árangur af markmiðasetningu stefnumiðaðrar áætlunar skólans er sýnilegur í rúmlega 80% hlutfalli þeirra sem hefja nám við skólann útskrifast úr skólanum á réttum tíma. Unnið er að því áfram að gera enn betur. Eldra markmið um að bjóða upp á þjónustu sálfræðings við skólann hefur borið ávöxt en þeir sem nýta þjónustu sálfræðingsins eru ánægðir með þjónustuna. Einnig er það mikill styrkur við stoðþjónustu við nemendur að geta vísað þeim sem það þurfa á þennan möguleika.

Til að takast á við verkefni framtíðarinnar þurfum við ungt fólk sem hugsar í lausnum. Fólk sem horfir á vandamál, sér þau sem verkefni og finnur lausnir. Fólk sem hugsar ekki einungis út fyrir kassann heldur sér ekki einu sinni kassann. Við verðum því að styðja við og styrkja ungdóminn við að takast á við krefjandi hluti og styrkja þau í að takast á við verkefnin upp á eigin spýtur. Covid-19 hefur til að mynda verið mikill lærdómur fyrir unga fólknið okkar og okkur sem eldri erum ber skylda til að hjálpa þeim að sjá stóru myndina. Veita þeim yfirsýnina sem þau hafa ekki svona ung að árum. Fullvissa þau um að allt taki enda. Horfast í augu við það með þeim að þetta sé allt saman hundleiðinlegt og aðstoða þau við að sjá tækifærin til að læra þakklæti, æðruleysi og innri ró af ástandinu.

Í nánú samfélagi nemenda leggjum við í Menntaskólanum að Laugarvatni áherslu á að einstaklingar fái að vaxa og dafna en ekki síður að þeim lærist að umgangast aðra af virðingu. Virkir þátttakendur í lýðræðissamfélagi eru okkur til sóma og því leggjum við okkur einnig fram um að kerfið innan skólans sé þannig upp byggt að nemendur finni til ábyrgðar og finni að þeir geta einnig haft áhrif. Til þess að ungu fólki finnist kerfið virka, alveg saman hvaða kerfi það er, þá þarf að vera farvegur til þess að fólk geti komið sínum skoðunum á framfæri og haft raunveruleg áhrif á örlög sín innan kerfisins. Líðan nemenda innan skólans og á heimavistum er okkur hjartans mál og við teljum það stóran þátt í velgengni nemenda í skólanum og síðar í lífinu. Gott veganesti að heiman er mikið dýrmæti.

*Jóna Katrín Hilmarsdóttir
Laugarvatni, mars 2021*

FJÁRHAGSLEG AFKOMA

Menntaskólinn að Laugarvatni er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs. Skólinn er framhalds- og heimavistar skóli sem starfar eftir bekkjakerfi. Nánast allir nemendur skólans dvelja á heimavist og kaupa fæði í mötuneyti skólans. Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á fjárlögum 2020 voru fjárveitingar til Menntaskóla Laugarvatns 350.5 milljónum króna og fjárfestingarheimild var 12.8 milljónum króna. Á milli ára var fluttur 20.5 milljóna króna rekstrarhagnaður frá árinu 2019.

Ársveltan var 400.9 milljónir og afkoma -4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi var hrein eign 16.5 milljónir í árslok og eignir samtals 75.9 milljónir.

Rekstur Menntaskólans að Laugarvatni hefur verið farsæll undanfarin ár og aðhald í rekstri hefur skilað góðum árangri.



Mynd 1 – Fjör á Dollanum 2020



Mynd 2 – Heimsókn í Gullkistuna á Laugarvatni, dvalarstað fyrir skapandi fólk

NEMENDUR


131 nemandi hóf nám á vorönn 2020, 38 drengir og 93 stúlkur. Vorið 2020 útskrifuðust 39 nemendur, 12 drengir og 27 stúlkur, 17 af félags- og hugvísindabraut (3 drengir og 14 stúlkur) og 22 af náttúruvísindabraut (9 drengir og 13 stúlkur).

Góð aðsókn var í skólann haustið 2020. Eins og sjá má á töflu 1 var heildarfjöldi nýnema 59. Þar hallar töluvert á karlpeninginn en þeir eru um 32% nýnema á meðan stúlkur eru um 66%. Haustið 2019 var munurinn enn meiri. Það verður fróðlegt að sjá hver hlutföllin verða næsta haust. Í heildina voru 146 nemendur í skólanum við upphaf haustanna 2020. Drengir voru 43 og stúlkur 103. Jafnréttisfulltrúi hefur fylgst með þróun kynjahallans (sem er nokkuð nýtilkominn) og umræða hefur átt sér stað um hugsanlegar orsakir og lausnir í þeim efnum.

Tafla 1 – Nýnemar í ML haust 2020 - kyn og bekkur


Bekkur	KK	KVK	Samals
1F	13	15	28
1N	6	24	30
2N	1		1
Samtals:	20	39	59

Á mynd 3 má sjá fjölda nemenda sem innritaðist í 1. bekk á árunum 2007-2020. Meðalfjöldi er tæplega 50 (49,07). Haustið 2020 var aðsóknin með mesta móti og verður spennandi að sjá hvernig staðan verður næsta haust.



Mynd 3 – Fjöldi nýnema í ML 2007-2020

Kynjaskipting alls nemendahópsins er mjög svipuð frá fyrra ári, eins og sést á myndinni hér fyrir neðan. Á myndinni má jafnframt sjá hvernig heildarfjöldinn hefur þróast síðustu ár. Vert er að hafa í huga að vorið 2018 útskrifuðust tveir árgangar, annar úr fjögurra ára kerfinu og hinn úr nýja þriggja ára kerfinu.



Mynd 4 – Heildarfjöldi nemenda í ML 2016-2020

LANDSHLUTASKIPTING

Skipting nemenda eftir landshlutum var svipuð og mörg undanfarin ár. Við upphaf haustanna 2020 er langstærstur hluti nemenda af Suðurlandi eða 79%. Næststærsti hópurinn kemur frá höfuðborgarsvæðinu, eða 8% nemenda. Ef rýnt er frekar í hóp nemenda af Suðurlandi kemur í ljós að stærstur hluti þeirra kemur frá Hvolsvelli og sveitunum í kring, eða 19%. Nágrannar þeirra á Hellu og næsta dreifbýli eru 16% nemenda. 17% nemenda búa í póstnúmerum 801-6 Selfoss. Nemendum úr Hrunamannahreppi hefur farið fækkandi síðustu ár (2018: 13%, 2019: 10%, 2020: 7%). Aftur á móti hefur Rangæingum fjölgað (2018: 24%, 2019: 31%, 2020: 35%). Áhugavert verður að sjá hvort þessi þróun haldi áfram eða hvort hér sé um eðlilegar sveiflur að ræða.

MÆTING

Mæting var heldur betri en undanfarin ár og er það nokkuð áhugavert því töluverður hluti kennslunnar fór fram í fjarvinnu vegna Covid-19. Á vorönn 2020 var meðalmæting 95% og meðalraunmæting 90%. Á haustönninni var meðalmæting 96% og meðalraunmæting 95%.

BROTTHVARF

Líkt og undanfarin ár hefur brotthvarf í ML verið lítið. Á vorönn 2020 hættu tveir nemendur og á haustönn hættu einnig tveir nemendur.

STARFSFÓLK

Á skrifstofu skólans starfa, auk skólameistara, áfangastjóri í 50% starfi, skólafulltrúi/ritari í 80% starfi og náms- og starfsráðgjafi í 50% starfi. Þá sinnir verkefnastjóri UT-mála í 50% starfi stoðþjónustu við starfsmenn og nemendur. Gæðastjóri í 50% starfshlutfalli hefur umsjón með innleiðingu gæðakerfis og fleiri kerfislægra þátta. Á bókasafni er forstöðumaður í 60% starfi. Fjármálastjóri skólans er í 40% starfi og sem gjaldkeri Mötuneytis Menntaskólans að Laugarvatni í 60% starfshlutfalli. Eins er umsjónarmaður fasteigna í 100% starfi en hann gegnir einnig starfi húsbónda á heimavistum.

Á heimavist starfa, auk húsbónda, húsfreyja í 50% starfi og tveir vistarverðir í 50% starfi hvor.

Fjórir starfsmenn vinna við ræstingu skólahúsnæðis og heimavista í tímamældri ákvæðisvinnu á starfstíma skóla, níu mánaða ráðningu. Í ljósi Covid-19 aðstæðna og stopullar mætingar nemenda í hús hefur verið dregið úr starfsmannafjölda við ræstingar, tímabundið.

Í mötuneyti starfa, auk bryta í 100% starfi, fjórir aðstoðarmatráðar í 100% starfi hver (á níu mánaða ráðningu) svo og gjaldkeri, sem jafnframt er bókari, í 60% starfi. Gjaldkeri mötuneytisins er einnig í 40% starfi sem fjármálastjóri við skólann, sjá ofar.

Í þvottahúsi eru vanalega tveir starfsmenn, annar í 100% starfi, hinn í 73% starfi, báðir á níu mánaða ráðningu. Haustið 2020 var starfsmaður í þvottahúsi einungis einn og hefur það dugað til að þjónusta nemendur á meðan þeir gátu dvalið í skólanum.



Mynd 5 – ML fyrirmyndarstofnun árið 2020

MÓTTAKA NÝLIÐA

Haustið 2020 var sett móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn þar sem ábyrgð og hlutverk voru skýrð. Útbúið var kynningarefni þar sem upplýsingum er komið á framfæri varðandi staðinn, skólann, starfsemina, stefnur og áætlanir og fleira. Þetta er í samræmi við starfsmannastefnu ML og ætti að stuðla að því að tekið sé vel á móti starfsfólki svo það finni sig velkomið til starfa og sé frætt um vinnubrögð og starfsvenjur.

Handbók kennara hefur einnig verið í stöðugri þróun.

KENningarAR

Í töflu 2 eru kennsluhlutfallsflokkar kennara tíundaðir. Nokkrir kennarar eru í öðru starfi samhliða kennslu s.s. áfangastjóri (50% starf), náms- og starfsráðgjafi (50% starf) og verkefnastjóri gæðamála (50% starf á haustönn 2020) en eingöngu kennsluhluti þeirra er í töflunni. Áfangastjóri (kennari í 50% starfi) var í fæðingarorlofi á vorönn og voru tveir ráðnir inn í hlutastörf í hennar stað.

Tafla 2 Starfshlutfall og kyn kennara

Starfshlutfall og kyn kennara árið 2020						
Starfs- hlutfall	Fjöldi vor 2020			Fjöldi haust 2020		
	kk	kvk	Samtals	kk	kvk	Samtals
80-100%	3	5	8	3	5	8
50-75%	0	6	6	1	4	5
Minna en 50%	2	2	4	1	3	4
Samtals:	5	13	18	5	12	17

BA/BS120 í töflu 3 þýðir viðbótarnám ofan á bakkalárgráðu til Mastersgráðu (en þeirri gráðu ekki lokið) eða viðbótardiplómanám ofan á bakkalárgráðu.

Tafla 3 Menntun kennara

Menntun kennara 2020		
Menntun	Vor 2020	Haust 2020
MA/MS/Med	13	11
BA/BS120	3	3
BA/BS/BEd	1	2
DA	1	1

Á vorönn voru allir 18 kennarar með kennsluréttindi á framhaldsskólastigi. Á haustönn voru 17 af 19 með réttindin. Annar kennarinn sem kenndi á undanþágu var ráðinn inn tímabundið sem sérfræðingur á sínu sviði. Hinn kennarinn sem var án leyfisbréfs var í tímabundinni ráðningu í hlutastarfi.

Meðalaldur kennara (óháð starfshlutfalli) á vorönn var 43,8 ár, en á haustönn 42,8 ár.

Tafla 4 Starfsaldur kennara

Starfsaldur kennara 2020		
Starfsaldur	Vor 2020	Haust 2020
>15 ár	3	4
10-14 ár	7	5
5-9 ár	4	4
0-4 ár	4	4

Tafla 4 sýnir starfsaldur en 10 kennarar voru með 10 ára starfsaldur eða meira á vorönn og haustönn 2020 en níu á vorönn.

NÁM OG KENNSLA

Í ML eru tvær námsbrautir; félags- og hugvísindabraut (F-bekkur) og Náttúruvísindabraut (N-bekkur). Eins og sjá má á töflunni hér fyrir neðan eru flestir bekkir þéttsetnir. Haustið 2020 var skipting eftir brautum nokkuð jöfn. 78 nemendur voru á félags- og hugvísindabraut og 68 voru á náttúruvísindabraut.

Tafla 5 - Heildarfjöldi nemenda í ML haust 2020 - kyn og bekkur

Bekkur	KK	KVK	Heildarfjöldi
1F	13	15	28
1N	6	24	30
2F	5	22	27
2N	7	17	24
3F	7	16	23
3N	5	9	14
Samtals:	43	103	146

Haustið 2020 voru rúm fimm ár liðin frá því að Menntaskólinn að Laugarvatni skilaði inn upplýsingum um námsbrautir sínar á námskrárgrunninn og því var kominn tími á endurskoðun og yfirlestur. Reynsla var komin á áfangana og þriggja ára kerfið og því eðlilegt að horfa yfir það sem lagt er til grundvallar skólastarfinu. Af því tilefni var í haust boðað til vinnudags þriðjudaginn 26. janúar til að rifja upp áherslur úr aðalnámskrá og yfirfara brautarskipulag og áfangalýsingar fyrir ML. Hver fagstjóri bar ábyrgð á sínum áföngum en lagt upp með að áfangar væru unnir í samvinnu við aðra kennara eftir þörfum. Hugsunin með starfsdeginum var að skapa rými inni á vinnudegi til þess að lesa þetta yfir, rifja upp hugmyndafræðina og almennt til að vinna saman og gera okkur verkið þá léttara.

Það er fagnaðarefni að nemendahópurinn hefur verið fjölbreyttari í ML síðustu misseri að því leyttinu að nokkrir nemendur hafa annað móðurmál en íslensku. 2019 var endurskoðuð móttökuáætlun fyrir þá nemendur og íslenska sem annað mál hefur verið kennd síðan.

Kennt er eftir bekkjakerfi í ML og nemendur fylgja að stórum hluta fyrir fram ákveðnu námsskipulagi. Á þriðja ári eykst þó val nemenda og nokkur fjöldi valáfanga í boði. Sem dæmi má nefna afbrotafræði, mannfræði, geðheilbrigði, forritun, erfðafræði, réttarvísindi, lagasmíðar, ljósmyndun og myndlist. Þar að auki geta nemendur alltaf valið kór og útvíst, frá því í fyrsta bekk. Mikill meirihluti nemenda velur þess áfanga og þeir eru mikilvægur liður í að skapa það nána og heilsueflandi samfélag sem ML vill vera.



Mynd 6 – Kanóferð á Laugarvatni haust 2020



Mynd 7 - Klettaklifur í Valshamri í Kjós haust 2020



Mynd 8 - Kórferðalag um suðurland vor 2020


Eins og þessar myndir bera með sér þá fara nemendur um hvippinn og hvappinn og skólastarfið er hreint ekki bundið við skólastofuna. Fyrir páska 2020 var farið í stjörnuskoðun, myndlistarheimsókn, heimsókn í HÍ, HR og Listasafn Reykjavíkur, Kvikmyndasafnið og Bíó Paradís. Ýmsu þurfti að aflýsa, eins og vettvangsferð í stjórn málafræði og kynningardegi fyrir grunnskólanemendur. Óneitanlega hamlar faraldurinn eðlilegu skólastarfi og það verður léttir þegar samfélagið tekur á sig eðlilegri blæ á ný.


Á tímalínunni á næstu síðum er yfirlit yfir það hvernig Covid 19 markaði skólastarfið í ML á liðnu ári.



Mynd 9 – Kóræfing í Skálholti haust 2020, allir með grímu

COVID TÍMALÍNA – ML 2020





ÝMIS VERKEFNI OG ÁHERSLUR

NEYÐARSTJÓRN

Vorið 2020 tók til starfa í fyrsta sinn svonefnd neyðarstjórn í Menntaskólanum að Laugarvatni. Tilefnið var innrás Covid-19 til Íslands og þær aðgerðir sem varð að grípa til og skipuleggja í kjölfarið. Í neyðarstjórn ML sitja skólameistari, áfangastjóri (staðgengill skólameistara), öryggisfulltrúi starfsmanna og umsjónarmaður fasteigna sem einnig er húsbóndi á heimavist. Inn á fundi þessa var oftast en ekki boðaður brytinn í mötuneytinu en margt af því sem varð að ákveða þurfti að taka mið af mötuneyti og aðstöðunni þar. Undir lok ársins var svo tekin ákvörðun um að verkefnisstjóri upplýsingatækni ætti einnig sæti í stjórninni. Mikið verk hefur unnist í stjórninni, margar erfiðar ákvarðanir sem varð að taka á þeim vettvangi og vægast sagt mikill lærdómur fyrir stjórnarmeðlimi.

VERKEFNASTJÓRAR

Í skólanum starfa margar nefndir og ráð og verkefnastjórar eru yfir ákveðnum málaflokkum. Það eru; kórinn, heimasíða skólans og samfélagsmiðlar, kynningarmál, umhverfismál, jafnréttismál, forvarnarmál og heilsueflandi framhaldsskóli. Það tryggir að málum er skipulega fylgt eftir og markvisst stefnt að umbótum og aðgerðum varðandi þessa mikilvægu þætti. Verkefnastjórar skila skýrslum til skólameistara eftir hvern vetur.

Í vetur og fyrravetur hafa verið haldnir vikulega svokallaðir verkefnastjórnarfundir, sem gæðastjóri skipuleggur og situr ásamt skólameistara, áfangastjóra, verkefnastjóra upplýsingatækni og forstöðumanni bókasafns. Meðal áhersluverkefna þar í vetur eru innleiðing á gæðakerfi og málakerfi, verklagsreglur/vinnulýsingar, endurskoðun námskrár og persónuverndarmál skólans.

INNRA OG YTRA MAT

Gæðastjóri er formaður sjálfsmatsnefndar og annast innra mat skólans. Nefndin fundar um fjórum sinnum á vetri, uppfærir áætlun til þriggja ára, undirbýr kannanir, vinnur úr niðurstöðum og setur fram umbótaáætlun. Á heimasíðu skólans má finna skýrslu um sjálfsmat 2019-2020 og umbótaáætlun sem sett var í kjölfar þeirrar vinnu. Í vetur hefur verið unnið samkvæmt henni og vel gengið að fylgja markmiðunum, en þau sneru þessu sinni að samskiptum og tengslum. Nánar verður fjallað um það í skýrslu um sjálfsmat 2020-2021 sem birt verður í júní. Rannsóknin Ungt fólk sem var lögð fyrir í október gaf meðal annars upplýsingar um líðan nemenda í Covid og þær voru vandlega rýndar.

Ytra mat fór síðast fram á vorönn 2018. Umbótaáætlun vegna þess var uppi við á síðasta ári og áfangar náðst hafa í þeim efnun. Sem dæmi má nefna að nú höldum við betur utan um samstarfs- og samskiptaverkefni heldur en áður var gert.

SHOW

ML tekur þátt í Erasmus samstarfsverkefninu ShoW – Shapes of Water. Skólar í fimm löndum taka þátt í verkefninu sem stendur yfir í tvö ár. Löndin eru Ísland, Finnland, Tékkland, Portúgal og Azoreyjar. Stefnt er að því að taka á móti fjórum nemendum og tveimur kennurum frá þessum fjórum löndum einu sinni á tímabilinu og fara í fjórar ferðir með fjóra nemendur í senn.

STARFENDARANNSÓKNIR

Starfendarannsóknir eru fastur liður í starfi Menntaskólans að Laugarvatni og mætti skilgreina það sem hluta af innra mati og þróunarstarfi. Skyldumæting er fyrir kennara á starfendarannsóknafundi en annað starfsfólk er velkomið á fundina og yfirleitt mæta nokkrir sem ekki starfa beint við kennslu. Árið 2020 litaði Covid-19 starfið. Á vorönn var einungis hægt að halda einn fund áður en faraldurinn skall á. Heimavinna tók mikinn tíma og orku. Á haustönn voru haldnir þrjú fundir, þar sem fundarmenn voru ýmist á staðnum eða á Teams.

Á fundunum kynna kennarar það sem þeir eru að skoða í sínu starfi. Verkefni eru bæði fjölmörg og fjölbreytt, t.d. vinna með Nearpod, podcast, Wevideo, Escape room verkefni, endurskil á ritgerð, netverkefni, heimatími í matreiðslu og margt fleira. Starfendarannsóknirnar eru mikilvægur þáttur í því að kennarar læri hverjir af öðrum og þróist í starfi. Þannig styðjum við og eflum lærdómssamfélag og vinnustaðamenningu skólans.

FRAMKVÆMDIR

Í ágúst 2020 hófust framkvæmdir á aðalbyggingu Menntaskólans sem gert er ráð fyrir að ljúki haustið 2021. Verkið snýr að því að skipta um klæðningu á húsinu, skipta um alla glugga og flestar hurðir og sumarið 2021 er ráðgert að skipta um þak á byggingunni. Verkið fór nokkuð vel af stað og vannst hraðar en menn þorðu að vona. Flestir verkþættir eru heldur hávaðasamir og því er starfið takmörkunum háð þegar nemendur eru í húsi. Hins vegar voru fáir nemendur á svæðinu haustið 2020 sökum Covid-19 takmarkana og því meira svigrúm fyrir starfsemi verktakanna. Að verkinu standa, fyrir hönd Fasteigna ríkisins, Verkís og Arkís sem fengu verktakafyrirtækið K16 til starfans. Það sem af var 2020 hafði verkið gengið vel og vinnubrögð verktaka þóttu öll til fyrirmyndar. Það er mikið fagnaðarefni að húsnæði skólans fái nú viðhald og uppfærslu við hæfi.



Mynd 10 - Menn að störfum í morgunskímu

ÁRIÐ 2020 Í HNOTSKURN

JANÚAR



7. janúar

Fyrsta skoðunarferð Ungmennabúða UMFÍ á Laugarvati. Vikulegar heimsóknir um vorið fyrir samtals rúmlega 200 grunnskólanemendur.

15. janúar



ShoW fer af stað – Shapes of Water. Samstarfsverkefni sem stendur yfir í tvö ár með skólum í Finnlandi, Tékklandi, Portúgal og Azor eyjum.

FEBRÚAR



7. febrúar

Endurskoðuð jafnréttisáætlun tekur gildi.

28. febrúar

Kórtónleikar víða um suðurland.

MARS



2. mars

2. bekkur fór í háskóla kynnisferð í HÍ og HR ásamt listasýningu á Listasafn Íslands.

13. mars

Árshátíð ML haldin með tilheyrandi skemmtiatriðum og veislumat.



11. mars 2020

KISS, lið ML í stjórnunarkeppni framhaldsskólanna, landar 2. sæti.

APRÍL

21. apríl

Svavar Axel og Guðný Helga voru hlutskörpust í samkeppni Oddfellow og unnu sér þar með inn ferð til Bandaríkjanna.

MAÍ

6. maí

Nemendur í umhverfis- og vistfræði á 1. ári komust í undanúrslit í landskeppninni Ungt umhverfisfréttafólk.

20. maí

Uppgræðsla á Langamel. Nemendur í grunnskólanum settu niður birki og dreifðu áburði um Langamel. Verkefnið vannur ML í samstarfi við grunnskólann og Skógrækt ríkisins.

JÚNÍ

6. júní

38 nýstúdentar brautskráðir frá ML.



ÁGÚST

24. ágúst

Nýnemar mæta á Laugarvatn, 58 talsins.

SEPTEMBER

Kanóferð og dagsganga að Laugarvatnshellum með útivistaráfanga.

Kóræfingar í Skálholti. Sungið með grímur.

OKTÓBER

11. október

Aðalfundur FOMEL foreldrafélags ML.

14. október

Sameyki veitir ML titilinn Fyrirmyndarstofnun 2020.



NÓVEMBER

5. nóvember

Blítt og létt, söngvakeppni ML, streymt á vefnum.



20. nóvember

Sindri Bernholt í fyrsta sæti í landskeppninni í líffræði 2020.

Vinna hafin við lúkningu 2. græna skrefsins í samstafi við Elísabetu Björneyju sérfræðing í umhverfis- og auðlindamálum.



DESEMBER

2. desember

Nemendur á 2. ári birtu myndbandsverkefni sín um Njálu sem vakti landsathygli.